

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.20.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hermann Óskarsson varafulltrúi háskólasamfélagsins  
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra  
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

---

Rektor kynnti dagskrá og gerði grein fyrir að skipun stjórnar Símenntunar HA var frestað.

## 1. Fundargerðir 205. og 306. fundar, mál til kynningar

1102055, 1105442

Tvær athugasemdir voru gerðar við fundargerð 306. fundar. Fundargerðirnar voru samþykktar með áorðnum breytingum en ákveðið að undirrita þær á 308. fundi.

## 2. Rekstraryfirlit janúar – júlí 2011

"[málsnúmer]"

Ólafur dreifði yfirlitinu sem er dagsett 24. ágúst og útskýrði það síðan. Rekstur kennsludeilda er 443.060 mkr. eða 64.47% af áætlun. Rekstur stoðþjónustu er 769.982 mkr. eða 60.04% af áætlun. Rekstur ýmissa verkefna er 9.932 mkr. eða 19.06% af áætlun og í heild er rekstur háskólans 58.44% af áætlun, en viðmiðið er 58.33%. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er innan áætlunar.

Búið er að greiða út laun tvisvar eftir launahækkunar skv. kjarasamningum, en framlag ríkisins vegna þeirra er ekki komið fram. Ef launahækkunar eru dregnar frá er rekstur háskólans 57.26% eða innan viðmiðs. Ólafur taldi að rekstur háskólans yrði í samræmi við áætlun í árslok en gæta þarf fyllsta aðhalds.

Ólafur gerði í stórum dráttum grein fyrir rekstrarhorfum árið 2012 og taldi hann að finna þrjú sparnaðarleiðir og/eða auka tekjur háskólans um sem nemur 50-75 mkr. á árinu. Helstu ástæður þess eru: áætlaður niðurskurður á opinberu framlagi um 2-3%, tímabundnar launalækkunar starfsfólks í FHA og FSHA ganga til baka um áramót, taka þarf upp rannsóknamissari að nýju, og tímabundinn aukinn kostnaður verður vegna framboðs í fjarkennslu.

Fram kom að háskólaráð þyrfti að marka stefnu um samstarf HA og fyrirtækja sem kunna að gerast styrktaraðilar háskólastarfsins. Einnig að unnið er að því að lækka húsaleigu á Borgum sem er 130 mkr. á ári.

Framkvæmdastjórn vinnur að því að finna leiðir til að brúa bil milli tekna og gjalda 2012. M.a. er stefnt að því að tekjur og gjöld allra fræðasviðanna standist á. Háskólaráð mun fjalla um rekstur háskólans 2012 aftur á næsta fundi. Ákveðið var að háskólaráð hefði til hliðsjónar og upprifjunar sparnaðaraðgerðir í 15 liðum sem ráðið samþykkti 7. júlí 2010.

Tekist hefur að halda rekstri háskólans innan áætlunar undanfarin niðurskurðarar. Ólafur minnti á nauðsyn þess að svo verði áfram og einnig að nemendum fjölgi áfram (fjölgun milli 2010 og 2011 var um 100 nemendur). Rektor þakkaði Ólafi fyrir og fór hann af fundinum.

**3. Dómnefndarálit um hæfi Rósu Kristínar Júlíusdóttur til að hljóta framgang lektor-dósent**

1103099

Bragi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi kynnti dómnefndarálitið. Heildarniðurstaðan er að Rósa Kristín er hæf til að hljóta framganginn. Fram kom ánægja með störf dómnefndar við þetta mat. Rektor taldi það auka gildi dómnefndarálits þegar eigið mat dómnefndar á hæfi umsækjenda fær mikið vægi. Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundi. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitið.

**4. Erindisbréf stefnumótunarnefndar HA 2012-2017**

1107009

*Tillögu til háskólaráðs 26. ágúst 2011* var dreift á fundinum. Rektor leggur til að stýrihóp verði falið að undirbúa stefnumörkun HA og leggja fram verkáætlun á fundi háskólaráðs 23. sept. Stýrihópurinn verði þannig skipaður:

rektor, formaður stýrihópsins,  
forseti heilbrigðisvísindasviðs,  
forseti hug- og félagsvísindasviðs,  
forseti viðskipta- og raunvísindasviðs,  
framkvæmdastjóri HA.

Með stýrihópnum vinni: gæðastjóri og utanaðkomandi ráðgjafi (Bjarni S. Jónasson).

Háskólaráð samþykkti tillöguna.

Rektor gerði grein fyrir *minnisblaði Bjarna S. Jónassonar* um vinnulag og skipulag vegna stefnumótunarvinnunnar. Skipulagið nær yfir tímabilið sept./okt. 2011 til des./jan. 2011/2012. Það var samþykkt.

Fram kom að mikilvægt er að starfsfólk á sviðum og í deildum taki virkan þátt í vinnu að stefnumörkun 2012-2017.

**5. Verklagsreglur um starfslok vegna aldurs**

1006036

Rektor kynnti verklagsreglurnar sem voru afgreiddar frá gæðaráði 25. júní 2010. Háskólaráð samþykkti verklagsreglurnar.

**6. Skipun varafulltrúa HA í stjórn FÉSTA**

1108027

Rektor lagði til að Úlfar Hauksson forstöðumaður verði skipaður áfram varamaður til næstu tveggja ára og samþykkti háskólaráð það. Aðalfulltrúi er Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs.

## 7. Staða forseta hug- og félagsvísindasviðs HA

1103079

Rektor gerði grein fyrir ferli málsins frá birtingu auglýsingar á Starfatorgi og á heimasíðu háskólans til fræðasviðsfundar 22. ágúst. Vitnaði hann til 15. gr. reglna fyrir háskólann á Akureyri nr. 387/2009 sem m.a. kveður á um að rektor ræður forseta fræðasviðs til tveggja ára í senn að fenginni umsögn viðkomandi fræðasviðs og að höfðu samráði við háskólaráð.

Fyrir fundinum lá dómnefndarálit um hæfi fjögurra umsækjenda sem eru: Haukur Arnþórsson, Rögnvaldur Daði Ingþórsson, Sigurður Kristinsson og Jón Hjaltason. Niðurstaða dómnefndar er að Haukur, Rögnvaldur og Sigurður eru hæfir til að gegna auglýstu starfi.

Rektor lagði fram eftirfarandi tillögu til háskólaráðs:

„Ég hef kynnt mér auglýsingu um lausa stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs HA, umsóknargögn umsækjenda, dómnefndarálit um hæfi umsækjendanna dags. 1. júlí 2011 og umsögn fræðasviðsfundar hug- og félagsvísindasviðs sem er dagsett 23. ágúst. Á grundvelli ofangreindra gagna tel ég að ráða eigi umsækjandann Sigurð Kristinsson sem forseta fræðasviðsins til næstu tveggja ára.

Háskólaráð samþykkti tillöguna.

## 8. Önnur mál

Rektor upplýsti að staða forseta heilbrigðisvísindasviðs var auglýst og eru umsóknir í ferli. Sagði hann varðandi stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs (ráðningartími núverandi forseta rennur út í nóvember) að til greina kæmi að framlengja ráðningu sitjandi forseta tímabundið.

Greindi hann frá öðrum auglýstum kennarastöðum og stöðu þeirra mála.

Hermann vakti máls á stöðu jafnréttisáætlunar HA. Hann óskaði eftir að jafnréttisráði væri tilkynnt um það þegar skipaðar eru nefndir til að framfylgja áætluninni og tók sem dæmi skipun starfshóps til að skoða möguleika á að auka hlutfall karla meðal nemenda HA. Einnig lagði Hermann til að nýtt jafnréttisráð sem skipa á frá 1. nóv. nk. verði ekki skipað nýliðum eingöngu enda taldi hann mikilvægt að samfella héldist í starfi ráðsins. Hermann óskaði eftir að umræða um jafnrétti í HA væri meiri og öflugri en hún er nú.

Rektor tók undir ábendingarnar. Varðandi stöðu jafnréttismála sagði hann m.a. að leitast væri eftir að skipa konur og karla jafnt í nefndir og ráð. Fram kom sú skoðun að kynjafræði þyrfti nauðsynlega að vera hluti af kennaranámi vegna þess hvað kennarar hafa mikil áhrif á uppeldi og skoðanir ungmenna.

Rektor sagði frá hugmyndum um samstarf milli Bókasafns HA og Amtsbókasafns í því skyni að efla hið fyrrnefnda. Málið verður rætt á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.

